

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 203/2022

2023/EES/24/03

frá 8. júlí 2022

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/270 frá 23. febrúar 2022 um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus licheniformis* DSM 28710 sem fóðuraufni fyrir varphænur, aukategundir alifugla til varps, alifuglategundir til undaneldis og skrautfugla (leyfishafi er Huvepharma NV) ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/271 frá 23. febrúar 2022 um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/1760 um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus subtilis* DSM 25841 sem fóðuraufni fyrir allar tegundir svína, þar með taldar gyltur, aðrar en mjólkandi gyltur, í því skyni að hafa jákvæð áhrif á mjólkurgrísi (leyfishafi er Chr. Hansen A/S) ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður. Ákvæði löggjafar um fóður skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 4) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi er bætt við 377. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1760):

„, breytt með:

- **32022 R 0271:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/271 frá 23. febrúar 2022 (Stjtið. ESB L 43, 24.2. 2022, bls. 10).“

2. Eftirfarandi er bætt við 419. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1410):

„, breytt með:

- **32022 R 0270:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/270 frá 23. febrúar 2022 (Stjtið. ESB L 43, 24.2. 2022, bls. 7).“

2. gr.

Texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2022/270 og (ESB) 2022/271, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, er gildur á íslensku og norsku.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 43, 24.2.2022, bls. 7.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 43, 24.2.2022, bls. 10.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. júlí 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. júlí 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kristján Andri Stefánsson

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.